



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Samkomulag milli heilbrigðisráðuneytis og Stykkishólmsbæjar um flutning á þjónustu Dvalarheimilisins í Stykkishólmi til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

Heilbrigðisráðherra ákvað 21. júní 2021 að fela Heilbrigðisstofnun Vesturlands rekstur hjúkrunarrýma Dvalarheimilisins í Stykkishólmi frá og með flutningi þeirra í húsnæði Heilbrigðisstofnunar Vesturlands að Austurgötu 7.

Með hagsmuni þjónustuþega og starfsmanna að leiðarljósi hafa aðilar komist að samkomulagi um eftirfarandi:

Aðilar eru sammála um að Heilbrigðisstofnun Vesturlands taki við þjónustunni frá og með 1. júní 2022, sem felur í sér að samningur Stykkishólmsbæjar við Sjúkratryggingar Íslands mun gilda til og með 31. maí 2022. Allar hækkanir, hverju nafni sem nefnast, sem kunna að verða á framlögum til hjúkrunarheimila fram að yfirtökudegi skulu renna til Stykkishólmsbæjar.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands skuldbindur sig til að bjóða öllu starfsfólki hjúkrunarheimilisins starf hjá stofnuninni, að frátöldum tveimur matráðum og einum starfsmanni í þvottahúsi (sjá meðfylgjandi lista yfir stöðugildi og fjölda starfsmanna sem færast yfir til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands). Tryggt skal að engum verði boðin lægri krónutala í mánaðarlaun fyrir dagvinnu en hann hafði í starfi sínu hjá sveitarfélaginu. Ef starfsmaður er með hærri mánaðarlaun fyrir dagvinnu en þeir sem sinna sambærilegum störfum hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands mun hann ekki fá frekari almennar hækkanir fyrr en launakjör hans hafa jafnast við launakjör þeirra starfsmanna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem fyrir eru og sinna sambærilegum störfum. Heilbrigðisstofnun Vesturlands mun bjóða starfsfólki hjúkrunarheimilisins starf hjá stofnuninni og hefur starfsfólk þá einn mánuð frá móttöku þess til að upplýsa um hvort þeir þiggi flutninginn. Niðurstaða um hverjir þiggja starf hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands skv. framansögðu skal liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2022.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands mun ábyrgjast að öll áunnin starfsréttindi, þ.m.t. veikindaréttindi, starfsfólks sem flyst samkvæmt ákvörðun þessari frá Stykkishólmsbæ til stofnunarinnar fylgi. Ákvörðunar þessarar skal getið í nýjum ráðningarsamningum og skulu þeir gerðir að höfðu samráði við viðkomandi stéttarfélög.

Um orlofsréttindi þeirra starfsmanna sem flytjast frá Stykkishólmsbæ til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands gildir sú meginregla að Stykkishólmsbær gerir upp gagnvart stofnuninni áunnið ótekið orlof starfsmanna til og með 31. maí 2022.

Um lífeyrisréttindi þeirra starfsmanna sem flytjast frá Stykkishólmsbæ til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands gildir sú meginregla að starfsmennirnir gerast aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) frá 1. júní 2022, án þess að um flutning á réttindum þeirra úr fyrri lífeyrissjóði verði að ræða, enda uppfylli þeir skilyrði til aðildar að LSR.

Þiggi starfsmaður ekki starf hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands samkvæmt framangreindu verður honum formlega sagt upp störfum og vinnur hann út uppsagnarfrest undir stjórn nýs yfirmanns heilbrigðisstofnunarinnar. Stykkishólmsbær ábyrgist greiðslu launa hans sem og réttindi á uppsagnarfresti, þ.m.t. veikinda-, slysa- og orlofsrétt lögum samkvæmt ásamt því að starfsmaður er tryggður samkvæmt launþegatryggingu sveitarfélagsins. Eigi síðar en mánuði eftir að



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

uppsagnarfresti viðkomandi starfsmanns er lokið skal fara fram fjárhagslegt uppgjör milli Stykkishólmsbæjar og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

31. janúar 2022

f.h. heilbrigðisráðuneytisins

f.h. Stykkishólmsbæjar

Ásta Valdimarsdóttir, ráðuneytisstjóri

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Listi yfir stöðugildi og fjölda starfsmanna sem færast frá Stykkishólmsbæ til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands samhliða því að heilbrigðisstofnunin tekur starfsemi Dvalarheimilisins í Stykkishólmi yfir:

- Forstöðumaður, 1 stöðugildi, 1 starfsmaður.
- Sjúkraliðar, 3,38 stöðugildi, 5 starfsmenn.
- Iðjuþjálfar, 1 stöðugildi, 1 starfsmaður.
- Starfsmenn í umönnun, 9,22 stöðugildi, 11 starfsmenn.
- Ræsting, 1 stöðugildi, 1 starfsmaður.